

Sent til Mbl.is: 4.2.2021
Birt í Mbl: 12.2.2021
Skúli Jóhannsson
Email: skuli@veldi.is
Website: www.veldi.is

Alls óvíst er hvort auðlindagjöld í tengslum við orkuvinnslu og með greiðslum í tilheyrandi þjóðarsjóð séu þarfar og skynsamlegar ráðstafanir

Auðlindagjald og þjóðarsjóður

Ef þjóðarsjóðir „Sovereign wealth fund“ eru gúglaðir á Netinu þá kemur í ljós að þeir sjóðir, sem eru til í dag og fjármagna sig á náttúruauðlindum, byggja að langmestu leyti á olíu- og gasvinnslu og í mun minna mæli á námuvinnslu eðalmálma. Sjá: https://en.wikipedia.org/wiki/Sovereign_wealth_fund

Þetta eru óendurnýjanlegar náttúruauðlindir, sem skerðast ef af þeim er tekið, en þola hvíld með síðari endurupptöku vinnslu ef verkast vill.

Hvergi á listanum eru endurnýjanlegar náttúruauðlindir eins og t.d. orka í rennandi vatni á landi eða jarðvarmaorka. Ef vinnsla á vatnsorku í vatnsaflstöð er stöðvuð tímabundið heldur vatnið bara áfram að streyma til sjávar án nýtingar, engum til gagns nema kannski örfáum til að horfa á ef verkast vill. Sama á við um nýtingu vindorku og hóflega nýtingu jarðvarma.

Nú er talað um að koma á auðlindagjaldi hér á landi. Það fer um mann hrollur við tilhugsunina þegar Íslendingar fara að sýna af sér snilli við að innleiða nýjar aðferðir eins og auðlindagjald vegna notkunar náttúruauðlinda til orkuframleiðslu með tilheyrandi þjóðarsjóði án sambærilegra fordæma frá öðrum þjóðum og jafnvel með hugmyndum um að troða ákvæðum um auðlindagjald inn í stjórnarskrá.

Hvað er náttúruauðlind?

Til að halda því til haga þá var skilgreining á náttúruauðlind sett fram í skýrslum Auðlindastefnunefndar frá árunum 2000 og 2012. <https://www.althingi.is/altext/146/s/0666.html>. Þar segir m.a.:

„[Náttúru]auðlind er þannig þau gæði sem efnahagslegur hagur er af að nýta þannig að nýting skili meiri arði (auði) en sem nemur kostnaði við nýtinguna. Þau náttúrugæði sem efnahagslega er hagkvæmt að nýta teljast þá til náttúruauðlinda.“ [...] „Auðlindagjald í formi skattlagningar á þá sem hafa fengið réttindi til að nýta náttúruauðlindir er eingöngu lagt á auðlindir sjávar, sbr. lög um veiðigjöld [...] Jafnframt eru einnig innheimt ýmis gjöld, svo sem fyrir þjónustu eða aðgang að opinberum náttúruauðlindum, t.d. vegna hreindýraveiða og veiðikorta vegna aðgangs til veiða á dýrum.“ (...) „Ráðherra hyggst leggja mat á þann möguleika að taka upp auðlindagjöld fyrir nýtingu náttúruauðlinda landsins í sameign þjóðarinnar, svo sem í tengslum við orkuvinnslu, námuvinnslu og nýtingu ferðaþjónustu á sérstæðri náttúru þar sem um takmörkuð gæði gæti verið að ræða.“

Sem sagt, gjaldtaka af notkun náttúruauðlindar skal takmarkast við að nýtingin skili hagnaði.

Ennfremur leiðir þetta í ljós að til skoðunar er að koma á auðlindagjaldi vegna nýtingar á náttúruorku, t.d. við virkjun vatnsorku til raforkuframleiðslu eða jarðvarmaorku til húshitunar.

Fiskiauðlindin

Jafnvel fiskiauðlindin er ekki á fyrrgreindum lista, en hún er ofarlega í huga margra Íslendinga í þessu sambandi.

Má ekki nota skattkerfið til að ná meiri peningum út úr sjávarútvegsfyrirtækjum í stað þess að vera með aðgangsgjöld að auðlindinni í formi auðlindagjalds og veiðigjalds, bæði þessi gjöld að frádregnum rekstrarkostnaði?

Fiskveiðikvótinn er annað mál, en Hæstiréttur er búinn að dæma um, að það megi að skattalögum fyrna kaupverð langtímakvóta og færa til gjalda á fimm árum, sbr. HRD 1993:2061. Ef útgerðin selur kvótann og vill losna við að greiða tímabundið skatt af söluhagnaði er útgerðaraðila heimilt að færa skattskyldan hluta söluhagnaðar til lækkunar á stofnverði fyrnanlegrar eignar, sem gæti eins verið verslunarhús á götuhorni í Reykjavík. Mörgum sviður það en úr því sem komið er verður ekki hægt að svipta sjávarútvegsfyrirtækjum fiskikvótanum, bótaust.

Að lokum

Freistandi er að bera saman stjórnun fiskiauðlindarinnar, þeirrar einu sem er í gangi hér á landi í dag, og orkuauðlindarinnar ef auðlindagjöld þar væru tekin upp, en sú nálgun gæti litið þannig út:

- Kvótakerfið í sjávarútvegi gæti samsvarað heimild til þátttöku í raforkumarkaði með uppboðsmarkaði og öðrum fjárhagslegum samningum og ívilnunum ef einhverjar væru,
- Auðlindagjald í sjávarútvegi gæti samsvarað tengigjaldi við raforkukerfið, sem mælt er í kr/MW og
- Veiðigjald í sjávarútvegi gæti samsvarað raforkunotkun, sem mæld er í kr/MWh.

Þannig verður til samvirkni milli fisks og raforku enda hvoru tveggja vara á markaði í samræmi við skilgreiningu þriðja orkupakkans.

En þetta mun liggja fyrir með nýju markaðskerfi sem er í hönnun hjá Landsneti með aðstoð erlendra sérfræðinga og fer þeirri vinnu vonandi bráðum að ljúka.